

Félag náms- og starfsráðgjafa
Kennarahúsinu v/ Laufásveg
101 Reykjavík

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 7. janúar 2008

Leikskólar 287. mál, (heildarlög)

Umsögn um frumvarp til laga um leikskóla. Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007-2008.

Félag náms- og starfsráðgjafa (FNS) óskar eftir að koma eftirfarandi á framfæri við menntamálanefnd Alþingis:

Almennar athugasemdir

Félag náms- og starfsráðgjafa vill leggja áherslu á eftirfarandi:

- Þar sem leikskólinn er fyrsta skólástigið í skólakerfinu skv 1. gr. frumvarpsins er eðlilegt að skoðaður sé sá möguleiki að náms- og starfsráðgjafar hefðu aðkomu að leikskólanum. Ljóst er að leiðsögn/kennsla náms- og starfsráðgjafa í náms- og starfsfræðslu gæti stutt á markvissan hátt m.a. við d. lið 2. gr. frumvarpsins „að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun“ auk þess sem sýnt hefur verið að mikilvægt er að fjalla um kynbundna verkaskiptingu vinnumarkaðarins á gagnrýninn og skapandi hátt og vinna þannig gegn rótgrónum staðalmyndum um hæfni karla og kvenna.

Breyttar áherslur í skólastarfi auka þörf fyrir náms- og starfsráðgjöf og kalla á **heildarstefnumörkun menntamálayfirvalda varðandi þjónustu náms- og starfsráðgjafa**. Í frumvarpi til laga um grunnskóla er lagt til að sveitarfélög leggi áherslu á virk tengsl og



miðlun upplýsinga milli leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, m.a. í tengslum við sérfræðipjónustu. FNS telur að þar gegni náms- og starfsráðgjafar lykilhlutverki á öllum skólastigum.

Í Aðalnámskrá leikskóla frá 1999 er lögð áhersla á samstarf milli leik- og grunnskóla til að stuðla að samfelli í uppeldi og menntun barnsins. Barnið á að upplifa grunnskólann sem eðlilegt framhald af leikskólanum. Ljóst má vera að mikilvægt er að sem best sé staðið að því að búa barnið undir það að flytjast frá leikskóla yfir í grunnskóla. Náms- og starfsráðgjafi sem vinnur innan leikskólans gæti komið að þeim undirbúningi ásamt leik- og grunnskólakennara.

Þar sem leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu ættu nemendur hans að eiga rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar og fræðslu um hvað í vændum er þegar í grunnskólann er komið.

Starf náms- og starfsráðgjafa innan leikskólastigsins ætti í megin dráttum að vera eins upp byggt og það er innan grunnskólanna. Börn á leikskólastigi eru að undirbúa sig fyrir að fara yfir á annað skólastig sem er grunnskólinn. Innan leikskólans eru börn með annað móðurmál en íslensku. Þurfa þau ekki síður aðstoð en börn sem komin eru í grunnskóla. Því fyrr sem þau fá aðstoð því betri árangur næst og minni hætta verður á námsörðugleikum hjá þessum einstaklingum.